

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness vegna tjaldsvæðis við Kalmansvík.

Skipulagsstofnun staðfesti 28. maí 2020 breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. maí 2020.

Í breytingunni felst að breyta óbyggðu svæði í Kalmansvík og 1,3 ha af íbúðarbyggð (ÍB-21) í annars vegar 5,3 ha afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF-1) fyrir tjaldsvæði og hins vegar 3 ha opið svæði til sérstakra nota, útivistarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 28. maí 2020.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2020